

Lífeyrissjóðir á réttri leið

Góð afkoma og batnandi staða eru góðar fréttir og kærkomnar, sömuleiðis lenging meðalævi þrátt fyrir að hún þyngi skuldbindingar sjóðanna

Fjármálaeftirlitið hefur birt samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða fyrir árið 2012. Þar kemur m.a. fram að ávöxtun sjóðanna var mjög góð á síðasta ári og staða þeirra batnaði. Á móti vegur að skuldbindingar jukust um 1,0%-1,5% vegna lengri meðalævi.

Heildareignir lífeyriskerfisins voru 2.540 milljarðar í árslok og jukust um 14% á árinu. Eignir kerfisins voru 149% af landsframleiðslu sem er mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Að þessu leyti stendur Ísland vel og er betur undirbúið en flest lönd til að greiða lífeyri ef þjóðin eldist hlutfallslega eins og mannfjöldaspár gera ráð fyrir. Aðeins Hollendingar standa betur en við sækjum á.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna var 7,4% árið 2012 en var 2,5% árið áður. Hækkun erlendra eigna skýrir stærstan hluta góðrar ávöxtunar. Tíu ára raunávöxtun sjóðanna í heild var 3,2% sem verður að teljast nokkuð gott ef tekið er tillit til þess að á tímabilinu hrundi íslenska fjármálakerfið með tilheyrandi tjóni fyrir fjárfesta.

Á árinu greiddu samtryggingardeildir lífeyrissjóðanna 74 ma.kr. í lífeyri sem er 12% aukning frá árinu á undan. Séreignarsjóðir greiddu 23 milljarða þannig að lífeyrisgreiðslur kerfisins í heild voru 97 milljarðar. Á næstu árum má búast við að lífeyrisgreiðslur aukist enn frekar vegna þess að þeim fjölgar stöðugt sem fara á lífeyri og hafa greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina.

Betri staða þrátt fyrir lengri meðalævi

Skuldbindingar flestra lífeyrissjóða eru meiri en eignir. Mikill munur er þó á stöðu sjóða án ábyrgðar og sjóðum með ábyrgð ríkis- og sveitarfélaga. Hallinn á sjóðum án ábyrgðar í heild var 4% af skuldbindingum í árslok 2012 og vel innan þeirra marka sem eru skilgreind sem jafnvægi samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. Hallinn var 7% í árslok 2011 þannig að staðan batnaði töluvert á árinu einkum þegar haft er í huga að skuldbindingar jukust vegna lengingar á meðalævi. Eignir

sjóða án ábyrgðar vega 73% af heildareignum lífeyrissjóða og 60% af skuldbindingum.

Mikill halli er enn á lífeyrissjóðum með ábyrgð ríkis- og sveitarfélaga. Hallann má að stærstu leyti rekja til þess að opinberu lífeyrissjóðirnir voru á árum áður byggðir upp að mestu sem gegnumstreymissjóðir (skuldbindingum safnað upp, lífeyrir greiddur af samtímasköttum) og þá söfnuðust upp umtalsverðar skuldbindingar. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög finni sem fyrst leiðir til að fjármagna þessar skuldbindingar og draga úr hallanum.

Jákvætt viðfangsefni

Tryggingafræðingar nota nýjustu tölur um meðalævi hverju sinni til að meta skuldbindingar lífeyrissjóðanna en undanfarna áratugi hefur meðalævi Íslendinga lengst mikið. Lífeyrissjóðir greiða ellilífeyri til æviloka og þegar meðalævin lengist leiðir það til þess að sjóðirnir þurfa að greiða lífeyri í lengri tíma. Þess vegna aukast skuldbindingar þeirra. Frá 1990 hefur meðalævi karla lengst um 2,4 ár og kvenna um 1,9 ár. Vegna þessara breytinga hafa skuldbindingar sjóðanna aukist um nálægt 10% eða um nálægt 0,5% á ári í 20 ár.

Lenging meðalævi eru góð tíðindi. Lífeyrissjóðir geta brugðist við þeim með þremur leiðum, einum sér eða með blöndu. Til greina kemur að greiða lægri lífeyri í lengri tíma, að hækka iðgjöld eða að hækka lífeyrisaldur. Það verður viðfangsefni aðila kjarasamninga og lífeyrissjóðanna að ákveða í framtíðinni hvernig á að bregðast við þessari jákvæðu þróun.

Lífeyrissjóðir hafa áhrif á líf nær allra landsmanna. Sem dæmi um það má nefna að lífeyrissjóðir greiða körlum að meðaltali lífeyri 30% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur og 36% af ævi kvenna. Megintilgangur sjóðanna er að greiða ellilífeyri til æviloka og vegur hann um 70% af lífeyrisgreiðslum. Góð afkoma lífeyrissjóðanna og batnandi staða eru góðar fréttir og kærkomnar.


Íslenska lífeyriskerfið – lykiltölur

Ár	2012	2011	%
Raunávöxtun á árinu	7,4%	2,5%	
Heildareignir lífeyriskerfis, milljarðar króna	2.540	2.230	14%
Hlutfall af landsframleiðslu	149%	137%	
Samtryggingardeildir, milljarðar króna	2.159	1.890	14%
lögjöld	110	103	7%
Lífeyrir	74	66	12%
Séreignarsparnaður, milljarðar króna	382	341	12%
Útborgun séreignar	23	36	-37%
Aukagreiðslur skv. sérstakri heimild	14	23	-38%
Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar			
Hlutfall eigna af lífeyrissjóðum alls	73%	71%	3%
Eignir - skuldbindingar, milljarðar króna	-74	-107	-31%
Staða í % af skuldbindingum	-4%	-7%	
Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða með ábyrgð			
Hlutfall eigna af lífeyrissjóðum alls	27%	29%	-7%
Eignir - skuldbindingar, milljarðar króna	-469	-444	6%
Staða í % af skuldbindingum	-44%	-44%	

Heimild: Fjármálaeftirlitið.

Eignir lífeyrissjóðanna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa aldrei verið meiri en í árslok 2012 voru þær 149%.

Lenging meðalævi hefur áhrif á skuldbindingar sjóðanna



Í tryggingafræðilegu uppgjöri lífeyrissjóða í árslok 2012 voru notaðar nýjar tölur um meðalævi byggðar á reynslu árána 2007-2011. Meðalævi landsmanna heldur áfram að lengjast og má sem dæmi nefna að frá árinu 1990 hefur meðalævi 65 ára karla lengst um 2,4 ár (15%) og kvenna um 1,8 ár (9%).

Vegna lengingar á meðalævi hafa skuldbindingar lífeyrissjóða aukist um nálægt 10%.

Heimild: Íslenskar dánar- og eftirlífendatölur frá Félagi Íslenskra tryggingastærðfræðinga. Útreikningar á skuldbindingum lífeyrissjóða eru á ábyrgð höfundar.

